

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi,
sbr. auglýsingu nr. 209/1994.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. gjaldskrár fyrir mengunareftirlit í Kópavogi nr. 383/1993, orðist svo:

Fyrirtæki	Eftirlitsgjald
1. flokkur	kr. 56.000
2. flokkur	kr. 35.000
3. flokkur	kr. 21.000
4. flokkur	kr. 14.000
5. flokkur	kr. 7.000

2. gr.

Við 4. gr. bætist við ný málsgrein sem orðist svo:

Heilbrigðisnefnd er heimilt að lækka eftirlitsgjald sé um að ræða tímabundna, takmarkaða eða umfangslitla starfsemi.

3. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 15. september 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.